



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð velferðarsviðs við tillögum sem lagðar voru fram í borgarráði um endurskoðun ákvarðana um lokun Vinjar, Traðar og Stígs

*Þann 21. desember 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um viðbrögð velferðarsviðs við tillögum sem lagðar voru fram í borgarráði um endurskoðun ákvarðana um lokun Vinjar, Traðar og Stígs:*

*Flokkur fólksins óskar upplýsinga um tillögur sem flokkurinn hefur lagt fram í borgarráði og hvernig velferðarsvið hyggst bregðast við þeim. Um er að ræða tillögur Flokks fólksins um að endurskoða skuli ákvörðun meirihlutans um að leggja niður Vin og einnig að endurskoða að leggja niður starfsemi unglingsmiðjanna Traðar og Stígs. Þessar ákvarðanir meirihlutans hafa valdið miklu uppnámi og sorg. Á þessum stöðum er um mikilvæga starfsemi að ræða, þjónustu við okkar allra viðkvæmustu hópa. Vel er hægt að beita niðurskurðarhnífnum annars staðar þar sem ekki er skert bein þjónusta við fólk. Á þessum stöðum er þjónusta við fólk sem treystir á hana og hefur fundist einmitt þessi þjónusta gefa lífi sínu lit.*

**Svar:**

Tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun ákvörðunar um að leggja niður Vin, sem lögð var fram á fundi borgarráðs 8. desember 2022, var vísað til meðferðar velferðarsviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 15. desember sama ár.

Tillagan var lögð fram á fundi velferðarráðs 11. janúar 2023 og var vísað til meðferðar starfshóps um starfsemi Vinjar, sbr. 16. lið fundargerðar velferðarráðs sama dag. Auk fulltrúa frá velferðarsviði eiga sæti í hópnum fulltrúa frá Öryrkjabandalagi Íslands, Geðhjálp og þrír fulltrúar notenda Vinjar og mun starfshópurinn hafa náð samráð við notendahóp Vinjar.

Samkvæmt erindisbréfi er starfshópnum ætlað að starfa til loka marsmánaðar og móta tillögur sem sendar verða stýrihópi um mótun virknistefnu Reykjavíkurborgar (en hluti af verkefnum þess hóps er að kortleggja virkniurræði velferðarsviðs og meta hvort og hvernig þau endurspegla þarfir tiltekinn einstaklinga og hópa; kortleggja húsakynni og starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs og skoða hvort þau henti sem samfélagshús; og koma með tillögur um framtíðarnýtingu húsnæðis sem nú er nýtt undir félagsstarf, en hentar ekki undir slíka starfsemi). Að auki verða tillögur hópsins lagðar inn í starfshóp um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni. (Helsta verkefni þess starfshóps er að leggja fram tillögur að heildstæðri stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni þar sem öflugt félags- og menningarstarf í öllum borgarhlutum og markviss og góð nýting mannauðs, húsnæðis- og fjármuna verði eitt af lykilmarkmiðum).



Á fundi borgarráðs 15. desember 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram tillögu um endurskoðun ákvörðunar um að leggja niður unglingsmiðjurnar Tröð og Stíg. Afgreiðslu tillögunnar var frestað og henni hefur hvorki verið vísað til meðferðar velferðarsviðs né velferðarráðs.

Í því sambandi er vert að nefna að sviðsstjóri velferðarsviðs hefur skipað starfshóp um endurskipulagningu þjónustu við markhóp unglingsmiðjanna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar bæði frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði og er hópnum ætlað að leggja fram tillögur um mögulega útfærslu á samþykkt borgarstjórnar um að starfsemi unglingsmiðja verði starfrækt með breyttu fyrirkomulagi. Hópnum er m.a. falið að leggja mat á hvaða samlegðaráhrif eru til staðar á milli starfsemi unglingsmiðja/Keðjunnar og frístundastarfs/sértæks frístundastarfs félagsmiðstöðva og hvernig megi ná fram slíkum áhrifum, m.a. með þjónustukeðju/brú á milli úrræða.